

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umhverfisstofnun skal setja reglugerð um stjórnhreindýraveiða og skiptingu arðs af þeim sem öðlist gildi eigi síðar en 20. júlí árið 2000.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

LÖG**um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins
að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73 18. maí 1990.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Hugtakið netlög merkir í lögum þessum sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöru-borði landareignar.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að veita leyfshafa fyrirheit um forgang að leyfi skv. 3. gr. í allt að tvö ár eftir að gildistíma leyfis til leitar er lokið og um að öðrum aðila verði ekki veitt leyfi til leitar á þeim tíma.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Íðnaðarráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem hann heimilar skv. 1. mgr. Tekjum af leyfum skal að jafnaði varið til hafsbotns- og landgrunnsrannsókna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfis-áhrifum.

5. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Í reglugerð skal tilgreina helstu ákvæði sem fram skulu koma í leyfunum, m.a. um tíma- lengd leyfis, staðarmörk vinnslusvæða, gerð efnis, magn og nýtingarhraða ef um nýtingar- leyfi er að ræða, upplýsingaskyldu og skil gagna, öryggis- og umhverfisstofnanir, eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti og leyfisgjald.

Í reglugerð skal einnig kveðið á um þau atriði sem umsækjandi skal tiltaka í umsókn um leitar- og rannsóknarleyfi skv. 2. gr. og í umsókn um vinnsluleyfi skv. 3. gr.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þeir sem hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skulu halda þeim í fimm ár frá gildistöku laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

22. maí 2000

Nr. 102

LÖG

**um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „0,2%“ í 1. og 2. málsl. 8. mgr. 2. gr. laganna kemur: 0,4%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

22. maí 2000

Nr. 103

LÖG

**um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við lögin:

- a. Af vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum í A-lið viðaukans verður magngjald 50 kr./kg: